

# Stjórnarfundur STÍ nr. 5 2023-30.06.23

Stjórnarfundur STÍ haldin á Teams. Fundur hefst kl. 12:00

Fundarritari: Magnús Ragnarsson

## Mættir eru:

Halldór Axelsson, Guðmundur Kr. Gíslason, Magnús Ragnarsson, Birna Sævarsdóttir og Sigurður Ingi Jónsson.

## Fundardagsskrá:

### 1. Fundur með afreksstjóra ÍSÍ

Halldór fer yfir fund með Vésteini sem var mjög góður. Áttu þeir góðar umræður um afreksmál og íþróttamál. Vésteinn hefur mikinn hug á góðu samstarfi og stuðning við STÍ. Leggja þarf áherslu á innra starf íþróttafélagana en þar er pottur brotin. Styrkja þarf framkvæmdastjórn og afreksstjórn og fyrir því væri möguleikar á stuðning hjá ÍSÍ. Halldór leggur til að haldin verður sérstakur stjórnarfundur um afreksmál og afreksmótun.

### 2. Tölvumál og heimasíða

Guðmundur kemur með tillögu um að félögin komi með hugmyndir hvað þau myndu vilja sjá á heimasíðunni. Sigurður fer áfram yfir stöðuna. Verði að vinna í kröfufylsingu og hvernig þetta er framreitt.

### 3. Bréf lögreglustjórans á NLV

Samþykkt að gefa út yfirlýsing sem send verður á ráðuneytin, ÍSÍ og aðra hagsmunaaðila vegna málsins ásamt að óskað eftir fundi með ráðuneytinu. Búið að vera virkt samtal með hagsmunaaðilum vegna málsins.

### 4. Önnur mál

Rætt um að skerpa á reglum um mótahald þar sem riðlaskiptin liggja fyrir fyrir ákveðin tíma. Komið losarahald á skilum á skýrslum og framsetningu á riðlaskiptingu komið seint. Farið yfir regluverkið.

Magnús leggur til að opna instagram reikning sem verði tengdur facebook síðunni í samvinnu við Gumma.

Rætt um agamál vegna iðkanda – trúnaðarmál.

Ekki fleira gert á fundi og fundi slitið kl. 13:15